

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON HF.

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR

Hinn 25. maí 2023 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur í Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, í höfuðstöðvum félagsins að Grjóthálsi 7-11, Reykjavík.

Októ Einarsson, formaður stjórnar félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Var Guðbjörg Helga Hjartardóttir lögmaður, kjörin fundarstjóri og Ýr Sigurðardóttir lögmaður, fundarritari.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Tók hann fram að boðun fundarins hefði verið með nægilegum fyrirvara í samræmi við ákvæði 88. gr. a. laga um hlutafélög og ákvæði samþykktu félagsins. Fundarboð hefði verið birt í upplýsingakerfi Nasdaq sem og á heimasíðu félagsins hinn 2. maí 2023. Þá hefði boðun til fundarins einnig verið birt í dagblaði á Íslandi hinn 3. maí 2023. Tillögur sem væru til umfjöllunar á fundinum hefðu verið birtar á á vefsíðu og eftir atvikum í upplýsingakerfi Nasdaq.

Lýsti fundarstjóri fundinn lögmetan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans væru.

Fram kom að mættir væru á fundinn hluthafar eða umboðsmenn hlutahafa sem færu með 80,42% af hlutafé félagsins.

Þá fór fundarstjóri stuttlega yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á fundinum, að hún væri rafræn og færi einungis fram með rafræna kosningakerfinu Lumi AGM.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár.
3. Breytingar á samþykktum félagsins.
4. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki.
5. Ákvörðun tekin um hvernig fara skal með hagnað eða tap félagsins á liðnu starfsári.
6. Ákvörðun tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu, sem og til nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
7. Samþykki starfskjarastefnu félagsins.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
9. Önnur mál.

Var þá gengið til dagskrár:

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári

Októ Einarsson, formaður stjórnar félagsins, kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár og fór yfir meginatriði úr starfsemi félagsins á árinu.

2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri félagsins, fór yfir ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar:

„Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir rekstrarárið sem lauk hinn 28. febrúar 2023 verði samþykktur.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um ársreikninginn og skýrslu stjórnar. Enginn kvað sér hljóðs.

Hluthafar samþykktu ársreikninginn samhljóða.

3. Breytingar á samþykktum félagsins

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar:

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að eftirfarandi breytingar verði gerðar á samþykktum félagsins:

- (a) *Að tilvísun til 19. maí 2026 í 2. mgr. 4. gr. verði breytt í 25. maí 2028.*
- (b) *Að ákvæði 2. mgr. 5. gr. falli brott.*
- (c) *Að ákvæðum 3. mgr. 10. gr. verði breytt og hljóði svo:*

„Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur að hluta eða öllu leyti. Hluthafa skal þó ávallt gefinn kostur á að greiða atkvæði, skriflega eða rafrænt, um þau mál sem eru á dagskrá hluthafafundar. Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal hún tryggja að rafrænn fundur fari fram á öruggan hátt og að tækjabúnaður sem notaður er sé þannig út garði gerður að hann uppfylli skilyrði hlutafélagalaga. Tekið skal fram í fundarboði að fundur fari fram með rafrænum hætti, upplýst um framkvæmd fundarins og hvernig hluthafar geta tekið þátt. Ef hluthafafundur er haldinn með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti, skal félagsstjórn heimilt að ákveða að hluthafar sem hyggjast taka þátt með rafrænum hætti skuli tilkynna skrifstofu félagsins um þátttöku allt að tveimur dögum fyrir fundinn. Innslegið aðgangsorð í tiltekinn fjarskiptabúnað jafngildir undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á fundarsókn.“

- (d) *Að 3. mgr. 11. gr. verði breytt og hljóði svo:*

„Stjórn annast boðun hluthafafunda. Boða skal til hluthafafunda með auglýsingu í fjölmiðlum, með auglýsingu í fréttakerfi kauphallar þar sem hlutir í félaginu hafa verið teknir til viðskipta eða með öðrum sannanlegum hætti.“

- (e) *Að 1. mgr. 16. gr. verði breytt og hljóði svo:*

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Við stjórnarkjör skal tryggja að kynjahlutföll innan stjórnar séu sem jöfnust og skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Við stjórnarkjör skal jafnframt tryggja að stjórnarmenn uppfylli hæfisskilyrði þeirra laga og reglugerða sem um félagið gilda en auk þess skal tryggt að fulltrúar samkeppnisaðila sitji ekki í stjórn félagsins né heldur taki að sér stjórnendahlutverk innan félagsins. Með fulltrúa samkeppnisaðila er átt við aðila sem beint eða óbeint kemur fram fyrir eða starfar á vegum samkeppnisaðila í framleiðslu, sölu eða dreifingu drykkjarvara. Verði niðurstaða stjórnarkjörs þannig að skilyrðum þessa ákvæðis sé ekki fullnægt telst kosningin ógild og skal þá endurtaka stjórnarkjörið. Náist niðurstaða ekki eftir endurteknar kosningar skal þá fresta stjórnarkjöri til framhaldsaðalfundar sem skal haldinn innan mánaðar og auglýstur sérstaklega með sama hætti og hluthafafundir. Skal stjórnarkjör endurtekið í samræmi

við framangreint fyrirkomulag svo oft sem þarf, þar til skilyrðum þessa ákvæðis er fullnægt."

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Fulltrúi Gildis lífeyrissjóðs gerði grein fyrir bókun Gildis varðandi dagskrárliði 3 og 7 og óskaði jafnframt eftir því að afstaða Gildis yrði bókuð í fundargerð. Bókun Gildis var svohljóðandi:

„Gildi-lífeyrissjóður hyggst samþykkja þá breytingu á samþykktum félagsins sem heimilar stjórn að hækka hlutafé félagsins fram til 2028 í þeim tilgangi að standa við þegar gerða kaupréttarsamninga við starfsmenn. Þrátt fyrir framangreinda afstöðu telur Gildi rétt að koma á framfæri athugasemdum við þá framkvæmd stjórnar að veita kauprétti án þess að fyrirbyggjandi hafi verið að mati Gildis fullnægjandi heimild í samþykktum félagsins. Betur hefði farið á því að óska fyrst eftir heimild hluthafafundar um útgáfu hlutabréfa áður en veiting kaupréttanna hefði farið fram.

Þá hyggst Gildi sitja hjá við afgreiðslu á starfskjarastefnu félagsins og hvetur stjórn félagsins til að endurskoða hana fyrir næsta aðalfund félagsins. Að mati Gildis ættu hluthafar að taka afstöðu til helstu skilmála kaupréttanna eða annarra hlutabréfatengdra réttinda og forsendna um áætlaðan kostnað félagsins vegna þeirra áður en slík réttindi eru veitt. Rétt væri að starfskjarastefna félagsins hefði að geyma ákvæði í þá veru. Þá yrði kaupréttarkerfi hverju sinni, heildarumfang þess, kostnaður, úthlutunarreglur og helstu skilmálar, s.s. um nýtingartímabil, nýtingarverð og fleiri atriði, síðan hverju sinni lagt fyrir hluthafafund til samþykktar áður en til úthlutunar kæmi. Samhliða yrðu lagðar fram tillögur um viðeigandi heimildir í samþykktum til hækkunar hlutfjár.

Þá telur Gildi eðlilegt að félagið upplýsi hluthafa sína um framkvæmd starfskjarastefnu þess í aðdraganda aðalfundar hverju sinni og í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund, s.s. með gerð skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu eða öðrum sambærilegum hætti sem rökstyður greiðslur til stjórnenda og ástæður fyrir breytingum á milli ára, sundurliðun á þeim eftir tegund (s.s. föst laun, árangurstengdar greiðslur, o.fl.) og ástæður fyrir greiðslu breytilegra launa eða kaupréttanna. Beinir sjóðurinn því til félagsins að taka upp slíkt verklag frá og með næsta aðalfundi félagsins."

Af hálfu stjórnar var tekið fram að fyrrnefnd tillaga stjórnar um framlengingu hækkunarheimildar til 25. maí 2028 tengdist einkum útgáfu kaupréttanna af hálfu félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem undirritaðir voru hinn 21. apríl sl. Við gerð samninganna hefði legið fyrir að gildistími fyrirbyggjandi hækkunarheimildar stjórnar, sem gildir til 19. maí 2026, myndi ekki nægja til þess að hún nýttist við efndir á skuldbindingum félagsins samkvæmt samningunum, enda nýtingartími kaupréttanna til apríl 2028. Hefðu því umræddir samningar verið gerðir með fyrirvara um að hluthafafundur félagsins myndi framlengja hækkunarheimild stjórnar. Það væri sú framlenging sem lögð væri til í a-lið tillögu stjórnar.

Enginn annar tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði í einu lagi og var hún samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

4. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki

Eftirtaldir einstaklingar höfðu gefið kost á sér í aðalstjórn félagsins:

- Berglind Ósk Guðmundsdóttir, kt. 080480-4319
- Gerður Huld Arinbjarnardóttir, kt. 150989-3889

- Hermann Már Þórisson, kt. 090872-5409
- Magnús Árnason, kt. 161179-4189
- Októ Einarsson, kt. 071162-4789
- Rannveig Eir Einarsdóttir, kt. 201265-3129

Þeir frambjóðendur sem það kusu kynntu sig fyrir hluthöfum.

Fundarstjóri lýsti yfir að samkvæmt samþykktum félagsins skyldi stjórn þess skipuð fimm aðalmönnum. Fór því fram stjórnarkjör og voru eftirtaldir aðilar kjörnir í stjórn félagsins til eins árs:

- Gerður Huld Arinbjarnardóttir, kt. 150989-3889
- Hermann Már Þórisson, kt. 090872-5409
- Magnús Árnason, kt. 161179-4189
- Októ Einarsson, kt. 071162-4789
- Rannveig Eir Einarsdóttir, kt. 201265-3129

Þá nefndi fundarstjóri að þar sem samþykktum félagsins hefði verið breytt þannig að ákvæði þeirra um varamenn hefðu verið felld brott, sbr. dagskrárlið 3, kæmi ekki til kjörs varastjórnar. Framboð til varastjórnar félagsins félli því niður.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins varðandi kjör endurskoðanda:

„Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði endurkjörið sem endurskoðandi félagsins.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Hluthafar samþykktu tillöguna með tilskildum meirihluta atkvæða.

5. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á liðnu starfsári

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins heldur verði hagnaði félagsins á starfsárinu ráðstafað til hækkunar á eigin fé.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér til hljóðs.

Hluthafar samþykktu tillöguna með tilskildum meirihluta atkvæða.

6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu, sem og til nefndarmanna og undirnefndum stjórnar

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

„Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að mánaðarleg stjórnarlaun fyrir hvern almennan stjórnarmann verði kr. 360.000. Mánaðarleg stjórnarlaun formanns verði kr. 720.000 og varaformanns kr. 540.000.

Verði varamaður kjörinn í stjórn, þ.e. ef tillaga stjórnar um breytingu á 1. mgr. 16. gr. samþykka félagsins verður ekki samþykkt undir dagskrárlið 3, er lagt til að hann fái greiddar kr. 180.000 fyrir hvern stjórnarfund sem viðkomandi mætir á í forföllum aðalmanns, en þó aldrei hærrí greiðslu á mánuði en nemur mánaðarlegum stjórnarlaunum almenns stjórnarmanns.

Þá leggur stjórn til að nefndarmenn í endurskoðunarnefnd fái greiddar kr. 65.000 á mánuði, en formaður nefndarinnar kr. 150.000 á mánuði.

Jafnframt leggur stjórn til að þeir stjórnarmenn sem sæti eiga í starfskjaranefnd fái greiddar kr. 45.000 á mánuði til viðbótar við stjórnarlaun, en að aðrir nefndarmenn starfskjaranefndar fái greitt samkvæmt tímagjaldi.

Stjórn leggur til að endurskoðendur félagsins fái greitt í samræmi við útgefna reikninga, sem samþykktir hafa verið af hálfu félagsins.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Hluthafar samþykktu tillöguna með tilskildum meirihluta atkvæða.

7. Samþykki starfskjarastefnu félagsins

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins:

“ Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til að gildandi starfskjarastefna félagsins verði samþykkt án breytinga. Fylgir starfskjarastefnan tillögum þessum.”

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvað sér hljóðs.

Var tillagan borin undir atkvæði hluthafa, sem samþykktu hana með tilskildum meirihluta atkvæða.

8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum.

9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Fundargerðin var lesin í lok fundar fyrir þá sem þess óskuðu. Engar athugasemdir bárust. Var fundarstjóra og fundarritara falið að ganga frá fundargerð.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:07.


Guðbjörg H. Hjartardóttir, fundarstjóri


Yr Sigurðardóttir, fundarritari